

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 106/1999, um Byggðastofnun.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Með frumvarpinu er lagt til að stjórnarmönnum í Byggðastofnun verði fækkað úr sjö í fimm. Megintilgangur þessarar ráðstöfunar samkvæmt frumvarpinu er að ná fram aukinni skilvirkni í störfum stofnunarinnar sem og að lækka kostnað við rekstur stjórnar hennar. Iðnaðarráðherra mun skipa í stjórn en með hliðsjón af breyttu fjármálaumhverfi og tilkomu Bankasýslu ríkisins kemur til greina að fela valnefnd Bankasýslunnar að tilnefna tvo stjórnarmenn. Minni hlutinn tekur undir með meiri hluta nefndarinnar að í ljósi þeirra upplýsinga sem fram komu á fundum nefndarinnar er þessi tilnefning valnefndar Bankasýslu ríkisins ekki raunhæf eins og sakir standa.

Minni hlutinn gagnrýnir þau vinnubrögð að leggja fram frumvarp um breytingar á stjórn á sama tíma og sérstök nefnd hefur það hlutverk að endurskoða lánahluta stofnunarinnar. Ætla má að í þeirri vinnu komi fram upplýsingar er kunna að hafa áhrif á skipan stjórnar. Þá er á sama tíma unnið að endurskoðun á stuðningskerfi atvinnulífsins. Því telur minni hlutinn frumvarpið ótímabært.

Í máli umsagnaraðila kom fram nokkur gagnrýni á frumvarpið sem minni hlutinn tekur undir að nokkru leyti. Ekki verður séð að fækkun stjórnarmanna leiði til aukinnar skilvirkni. Þvert á móti má færa rök fyrir því að skilvirkara sé að vera með stærri stjórn er hafi betri yfirsýn og þekkingu á atvinnulífi á landsbyggðinni. Fjárhagslegt hagræði er hverfandi eða um 2 millj. kr. króna samkvæmt greinargerð frumvarpsins.

Fram kemur að Byggðastofnun hefur starfsleyfi sem lánafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og er stofnunin eftirlitsskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í þessu felst að þau hæfisskilyrði sem rakin eru í 52. gr. laganna gilda um stjórn og framkvæmdastjóra Byggðastofnunar. Minni hlutinn áréttar mikilvægi þess að þeir sem veljast í stjórn Byggðastofnunar hafi mikla þekkingu á málefnum landsbyggðarinnar, ekki síst atvinnulífi. Yfirgripsmikil reynsla og þekking getur því vegið þyngra en þau hæfisskilyrði sem getið er í áður nefndum lögum. Hrun fjármálakerfisins verður varla rakið til annarra en aðila er uppfylltu hæfisskilyrðin.

Minni hlutinn tekur undir þá gagnrýni umsagnaraðila að með frumvarpinu sé of mikið gert úr hlutverki stofnunarinnar sem lánastofnunar, þ.e. fjármálafyrirtækis, en ekki horft til þess mikilvæga hlutverks sem stofnunin hefur varðandi rannsóknir, þróunarstarf og ráðgjöf.

Minni hlutinn gagnrýnir einnig að svo virðist sem stjórnvöld hafi við vinnslu frumvarpsins hvorki leitað álits né samráðs við hagsmunaaðila, svo sem atvinnuþróunarfélög á landsbyggðinni.

Minni hlutinn telur því frumvarpið ótímabært og harmar skort á samráði.

Alþingi, 11. maí 2011.

Gunnar Bragi Sveinsson,
frsm.

Jón Gunnarsson.